

Starfsábyrgðartrygging lögmanna er lögboðin váttrygging sem byggir á 25. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998 og reglugerð nr. 200/1999. Um váttrygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála nr. 001.

Váttryggður er sá lögmaður sem skráður er á váttryggingarskírteini.

1. gr. Hvað gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggt er gegn skaðabótaskyldu er fellur á váttryggðan sem lögmann þegar þriðji maður verður fyrir almennu fjártjóni, sem rakið verður til lögmansstarfa hans sjálfs eða starfsmanns hans. Váttryggingin tekur ekki til löglaerðra fulltrúa nema þeir séu tilgreindir á váttryggingarskírteini.

3. gr. Undanskildar áhættur

Váttryggingin tekur ekki til:

- Ábyrgðar sem váttryggður tekur á sig og er víðtækari en almenn bótaskylda hans sem lögmans.
- Líkamstjóns eða skemmda á munum.
- Lögmansstarfa utan Evrópska efnahagssvæðisins eða bótaábyrgðar sem er ríkari en eftir þeim reglum sem þar gilda um skaðabótgrundvöll eða ákvörðun bótafjárhæðar.
- Tjóns sem hlýst af bótaskyldri háttsemi váttryggðs eftir að starfsleyfi hans hefur fallið niður eða starfsheimildir hans eru af öðrum ástæðum ekki lengur fyrir hendi.

4. gr. Tímatakörk

Váttryggingin tekur til skaðabótakröfu gegn váttryggðum sem til stofnast á váttryggingartímanum, án tillits til þess hvenær það atvik varð, sem krafan reis af.

Skaðabótakrafa telst gerð þegar hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

- Að þriðji maður gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur váttryggðum.
- Að váttryggðum verður fyrst kunnugt um, að þriðji maður hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem kann að verða rakið til gáleysis váttryggðs eða starfsmanna hans, eða að bein hættu er á að slíkt tjón verði.

Váttryggingin tekur ekki til tjóns vegna skaðabótakröfu, sem gerð hefur verið á hendur váttryggðum á váttryggingartímanum, hafi krafan ekki verið tilkynnt félaginu í síðasta lagi 3 mánuðum eftir lok váttryggingarinnar. Þótt tjón teljist hafa orðið á váttryggingartímanum og það hafi verið tilkynnt félaginu innan 3 mánaða eftir lok váttryggingarinnar, tekur váttryggingin ekki til slíks tjóns nema váttryggður hafi mótttekið skriflega skaðabótakröfu og tilkynni það félaginu í síðasta lagi innan 2 ára eftir lok váttryggingarinnar.

Skaðabótakröfu sem rakin er til tjóns er verður hvort heldur skyndilega eða smám saman bætir félagið ekki, hafi tjón orðið að einhverju leyti eða öllu áður en váttryggingartíminn hófst.

5. gr. Sérákvæði um uppsögn

Váttryggingunni lýkur ef váttryggður fullnægir ekki lengur lögmæltum skilyrðum um leyfi til málflutnings. Enda þótt váttryggingin sé fallin úr gildi, ber félagið ábyrgð gagnvart tjónþola (þriðja manni) á hverju tjóni, sem rekja má til tjónsatvika, sem verða þar til 4 dagar eru liðnir frá því að félagið tilkynnti váttryggingartaka og stjórn Lögmannafélags Íslands að váttryggingin væri fallin úr gildi, nema að önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið keypt fyrir þennan frest.

Skilmálar þessir gilda frá 2. október 2019